

## Jóh. Jóhannesson.

Öllum, sem þekkja Jóhannes Jóhannesson og vita að um góðan og mikilhæfan mann er að ræða, mun falla illa málsóknin á hendur honum. Virðist sem nægt hefði, að girt væri fyrir það sem vandlegast með lagáfyrimælum, að valdsmenn teldu rétt embætta sinna meiri en hæfilegt þykir. En ekki undarlegt um mann, sem ættaður er eins og Jóhannes Jóhannesson, þó að hann teldi sýslumannsembættið mikinn rétt á sér eiga, því að hann er mjög af lagamönnum kominn. Faðir hans og afi voru sýslumenn, en langafi Stefán Þórarinsson, amtmaður og konfereñsráð, er Jón Sigurðsson taldi verið hafa einn af bestu embættismönnum á Íslandi, en faðir Stefáns og afi voru sýslumenn. En í beinan karlegg er Jóhannes kominn af Jóni Pjeturssyni, er vitringurinn Jón Eiríksson, konfereñsráð, hafði meira traust á, en nokkrum lækni öðrum, og ófað var einn af bestu og þörfustu mönnum á Íslandi um sína daga. Þó að ekki væri á annað lítið, þá virðist ólíklegt mjög, að menn sem ættaðir eru eins og Jóhannes Jóhannesson, verðskuldi fremur fangelsisdóma en viðurkenning, þegar ellin nálgast.

15. nóv.

*Helgi Pjeturss.*

Þó að eg eigi, eins og svo mjög margir aðrir, Einari Kvaran miklið að þakka sem skáldi og blaðamanni, þá er það þó spiritistinn, sem mesta þýðingu hefir haft fyrir mig. Einar Kvaran kom fyrst með þá hreyfingu hingað, eins og kunnugt er, og fékk í lið með sér mann sem munaði um, þar sem var Haraldur heitinn Nielsson, og hinn ágæti miðill Indriði Indriðason. Var eg tortrygginn gagnvart þessari hreyfingu fyrst í stað, en seinna skildist mér að undirstaða spiritismans, líf eftir dauðann og samband við framliðna, er óyggjandi sannreynd. Sá eg að það var óviturleg imyndun, að snillingar eins og Einar Kvaran og Haraldur Nielsson og margir aðrir ágætir menn, hefðu látið ginnast af blekkingum einum. En þó hefi eg einnig séð til sanns, að tortryggni mín gagnvart „öndunum“, var frá líffræðislegu sjónarmiði ekki alveg ástæðulaus, og það er ekki af tómrí eigingirni, sem eg óska þess, að mér mætti auðnast að gjalda þakkarskuld mína til hins virðulega manns, sem í dag verður sjötugur, þannig, að hann gæti haft nokkurt gagn af því sem eg hefi lagt til þessa mikla máls, og einmitt var náttúrufræðings að vinna.

**Helgi Pjeturss.**

*Útgefið 18 nóv 1929*

*Útgefið 6 des 1929*